

Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 1. fundar
föstudaginn 29. maí 2009

Mættar voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Karen Ósk Úlfarsdóttir, kennari
Sigurborg P. Hermannsdóttir, kennari
Viktoría Gílsdóttir, kennari
Anna Laufey Þórhallsdóttir, ritari
Ragnheiður Hanson, grenndarsamfélagi / foreldrahópi
Katrín Valgeirsdóttir, foreldri
Una Valgerður Gísladóttir, nemandi

Fjarverandi voru: Ása Lind Finnbogadóttir, foreldri
Elma Dís Árnadóttir, nemandi

Athugasemd:

Viktoría sat fundinn sem viðbótarfulltrúi kennara vegna þess að fyrirsjáanlegt er að báðir fulltrúar kennara í ráðinu; Karen og Sigurborg, verða ekki næsta vetur. Þær verða báðar í fæðingarorlofi. Okkur þótti því styrkur af því að fá þriðja fulltrúa kennara sem tengilið við starf nefndarinnar næsta vetur.

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla

Farið var yfir reglugerð um skólaráð og hvernig skipað væri í nefndina. Reglugerðin er leiðbeinandi um hvernig störfum skólaráðs verður háttað.

Það er ljóst að þar sem Tjarnarskóli er fámennur má ætla að fundafjöldi verði ekki sambærilegur við stóru skólana. Búa þarf til tímaplan / verkáætlun og setja inn á netið til þess að veita upplýsingar um starfsemi skólaráðsins hjá okkur.

Skóladagatalið 2009 – 2010

Skóladagatal fyrir árið 2009 – 2010 lagt fyrir og samþykkt eftir umræður og tillögur að breytingum. Ekki þótti ástæða til að fella niður kennslu á öskudag heldur hafa áfram sama fyrirkomulag og við höfum haft hingað til en fella í staðinn niður kennslu daginn eftir sumardaginn fyrsta.

Hugað að skipulagi næsta skólaárs

Nestistímar og hádegishlé

Rætt var um hádegishlé og hvernig til hefði tekist með breytt fyrirkomulag í 10. bekk síðast liðið skólaár. Fulltrúi nemenda taldi að 9. bekkur vildi gjarnan hafa sama fyrirkomulag og 10. bekkur. Það verður haft í huga við gerð nýrrar stundaskrár.

Rætt var um heitan mat í hádeginu. Ritari upplýsti að allar tilraunir með heitan mat hingað til hefðu farið vel af stað en síðan heltust margir úr lestinni þannig að þátttakendur væru ekki nægilega margir til þess að þjónustuaðilunum myndist taka því að halda þjónustunni áfram. Fulltrúi foreldra sagði okkur að „Krydd og kavíar“ byðu upp á heitan mat í hádeginu í einhverjum skólum. Einnig kom fram ábending um að ódýrara væri fyrir nemendur að fara í Bónus við Hallveigarstíg heldur en aðrar búðir í nágrenninu.

Tímasetningar á stundaskrá næsta vetur voru ræddar. Fundarmönnum leist vel á að fella niður tíu mínúturnar frá 10:00 – 10:10 á morgnana, sem hafa verið notaðar fyrir nesti og stytta auk þess hádegishlé um fimm mínútur. Þannig skapast tækifæri til að byrja ekki fyrr en kl. 8:30 á morgnana (í stað 8:15) með þessu móti lengist þó ekki skóladagurinn. Fulltrúa nemenda í skólaráði leist vel á þessa tilhögun. Skólabyrjun verður því með breyttu sniði næsta vetur ef allt gengur eftir.

Efling félagsmála í skólanum

Rætt var um félagslífið í skólanum. Fundarmenn voru sammála um að það væri mjög jákvætt að stuðla að góðu félagslífi nemenda. Rætt var um að nemendur kæmu með tillögur strax næsta haust, eftir að nemendaráð hefur verið kosið og fulltrúi nemenda nefndi samvinnu við Samfés og félagsmiðstöðvar. Undir þessum lið var einnig rætt að hafa mætti fjölbreytin í samverustundum nemenda utan kennslustíma. Sem dæmi gætu 9. bekkingar og 10. bekkingar hist eða þá 7. bekkur og 8. bekkur saman og svo gætu líka stundum allir verið allir saman.

Tillaga kom einnig fram frá fyrrum formanni foreldrafélagsins að fyrrum nemandi (dóttir hennar) væri örugglega tilbúin að aðstoða við félagslífið, ef þess væri óskað.

Fulltrúi nemenda benti auk þess á að það gæti verið gaman ef nemendur skólans tækju þátt í „Skrekk“.

Önnur mál

Fulltrúi nemenda taldi að gott væri að fækka námstímum hjá eldri nemendum.

Rætt um textíl- og myndmennt og hversu erfitt væri að finna kennara til að sinna því.

Formaður foreldrafélagsins ræddi um leiklistarnámskeiðið hjá Pálínu Jónsdóttur sem hún sagði að hefði verið einstaklega vel heppnað. Margrét upplýsti að Pálína væri til í að koma aftur til okkar með slíkt námskeið ☺

Ljóst er að einhverjar breytingar verða á skólaráðinu næsta haust. Þær Sigurborg og Karen, fulltrúar kennara, verða báðar í barnseignarleyfi. Kennarahópurinn kemur til með að tilnefna sína fulltrúa í ráðið á fyrsta kennarafundi næsta skólaárs. Aðrir fulltrúar verða væntanlega áfram.

Fundurinn stóð í um það bil eina klukkustund.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

ALP

Fylgiskjöl á fundinum:

Dagskrá 1. fundar.

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla.

Rammi stundaskrár nemenda